

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/872*  
*komudagur 12.2.2007*


Gunnarsholti, 12. febrúar 2007

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál

Landgræðsla ríkisins sendir hér með eftirfarandi umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Ljóst er að áhrif Jökulsár á Fjöllum, væntanlega þar með taldar Sandá, Brunná, og Bakkahlaup og þveráa hennar á jarðveg og gróður eru mikil á þessu stórbrotna svæði. Framburður þeirra er fokgjarn þar sem hann sest til og þornar. Flóð eru tíð og skilja eftir sig fokefni á hinu flædda landi. Landbrot af völdum Jökulsár hefur á tíðum verið mikið og oft verið gripið inn í með varnarframkvæmdum þegar rennsli hennar hefur þótt ógna verðmætu landi, mannvirkjum eða byggð. Slík inngrip eru ekki sjálfsgöð en Landgræðsla ríkisins hefur það hlutverk skv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965 að vinna að gróðurvernd og stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar sem og að meta hvar þörf er á að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum sbr. lög nr. 91/2002. Friðlýsing sem þessi getur því haft áhrif á verksvið Landgræðslunnar og hvernig henni muni verða heimilt að bregðast við komi upp þær aðstæður að landi, mannvirkjum og/eða byggð sé ógnað vegna rennslishátta Jökulsár. Það er því mælt til þess að tekið sé sérstaklega tillit til þessa við umfjöllun um málið. Einnig er það álit Landgræðslunnar að friðlýsing megi ekki takmarka um of úrræði til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu sem getur orsakast með beinum eða óbeinum hætti af flóðum, framburði eða rennsli Jökulsár á Fjöllum og hennar þveráa.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

  
Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.